

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1
Ágúst Sigurðsson
850 HELLU



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 20. maí 2015
UST201505-114/M.I.K.
11.09

Efni: Endurskoðun á samningi Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga um refaveiðar 2014 - 2016

Umhverfisstofnun vísar til 9. gr. í samningi stofnunarinnar við sveitarfélag yðar. Þar kemur fram að endurskoða eigi samninginn árlega m.t.t. samningsfjárhæðar fyrir árin 2015 og 2016 og birta sem viðauka við samninginn.

- A. Í ljósi þess að endurgreiðslur fyrir refarveiðar árið 2014 voru lægri en áætlanir sveitarfélaga gerðu ráð fyrir um, hefur stofnunin ákveðið að hækka endurgreiðslur til sveitarfélaga fyrir árið 2015. Um er að ræða tímabundna **2% hækkun** á endurgreiðsluhlutfalli hvers sveitarfélags árið 2015. Meðfylgjandi er viðauki við ofangreindan samning. Geri sveitarfélagið ekki athugasemd við viðaukann fyrir **20.júní 2015** þá telst hann samþykktur.
- B. Eitt af markmiðum landsáætlunar um refaveiðar var að efla samvinnu sveitarfélaga vegna refaveiða. Engir slíkir samningar voru gerðir á síðasta ári. Nokkur sveitarfélög hafa verið með slíkt samstarf í skoðun. Til að hvetja sveitarfélög til að taka þetta skref hefur Umhverfisstofnun ákveðið að greiða 200.000 kr á hvern sameiginlegan samning. Þau sveitarfélög sem sameina áætlanir sínar, vinsamlega tilkynnið það til Umhverfisstofnunar fyrir **15. ágúst** n.k. Jafnframt fyrir þann tíma skili sveitarfélögin sameiginlegri áætlun um refaveiðar 2015-2016.
- C. Við endurskoðun á samningi Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga um refaveiðar fyrir árið 2016, verður sérstaklega horft til skila á upplýsingum í grenjaskrá við ákvörðun um úthlutun fjármagns við endurskoðunina.

Geri sveitarfélagið ekki athugasemd fyrir 20. júní 2015, telst hann samþykktur.

Virðingarfyllst

Gunnlaug H. Einarsdóttir
Sviðsstjóri

Steinar Rafn Beck Baldursson
Sérfræðingur



UMHVERFISSTOFNUN

Viðauki við samning

Umhverfisstofnunar og Rangárbings ytra um refaveiðar 2014-2016.

Í ljósi þess að endurgreiðslur fyrir refarveiðar árið 2014 voru lægri en áætlanir sveitarfélaga gerðu ráð fyrir hækka endurgreiðslur til sveitarfélaga fyrir árið 2015 um 2%.

Endurgreiðsluhlutfall Rangárbings ytra nemur því 22% fyrir árið 2015 (var 20% fyrir árið 2014).

Heildargreiðsla til Rangárbings ytra, sbr. b-lið 2. mgr. 4. gr. samningsins, getur því numið að hámarki alls kr. 495.000 fyrir árið 2015.

